





BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HÚNAÞINGS -VESTRA 2014 - 2026 HVAMMSTANGI Verslun og þjónusta



Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014 - 2026, staðfest 07.08.2014. Þéttbýlisuppráttur.



Breyting á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014 - 2026. Þéttbýlisuppráttur.

Byggð

- Íbúðarbyggð (ÍB)
- Verslun og þjónusta (VP)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Athafnasvæði (AT)
- Iðnaðarsvæði (I)
- Fristundabyggð (F)
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)
- Íþróttasvæði (ÍP)
- Opin svæði (OP)
- Hafnarsvæði (H)
- Landbúnaðarsvæði (L)

Samgöngur

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir einvörðungu til skýringar
- Gönguleiðir/fornar þjóðleiðir
- Reiðleiðir

Veitur

- RAFVEITA
- Rafstrengur í jörðu
- HITAVEITA
- Stofnæð hitaveitu
- VATNSVEITA
- Stofnæðar vatnsveitu
- FRÁVEITA
- Stofnæð fráveitu

Verndarsvæði

- ÞJÓÐMINJAVERNDARSVÆÐI
- Friðlýstar fornleifar skv. lögum um menningarminjar
- Mörk skipulagssvæðis (og sveitarfélaga)
- Mörk breytingar

GREINARGERÐ

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 sem staðfest var 07.08.2014.

Breytingin felur í sér að hluta af landnotkun af opnu svæði austan Norðurbrautar er breytt í verslun og þjónustu (VP-9). Svæðið er vel til þess fallið að hýsa lóðir fyrir verslun og þjónustu það er við norðurmörk þéttbýlisins á Hvammstanga og austan við svæðið er stór iðnaðarlóð.

Tilgangur breytingarinnar er auka framboð af verslunar- og þjónustulóðum en skortur er á slíkum lóðum. Í gildandi aðalskipulagi voru markmið

sveitarfélagsins fyrir verslun og þjónustu í þéttbýlinu m.a. að leggja áherslu á gott framboð á verslunar- og þjónustulóðum. Leiðir að markmiðunum eru:

- Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang.
- Við skipulag byggðar og hönnun bygginga verði þess gætt að starfsemi geti þróast og breyst og hús og svæði nýst til annarra nota en upphaflega var áætlað. Þannig sé stuðlað að sveigjanleika og lífvænleika byggðarinnar.

Nýja svæðið fyrir verslun og þjónustu er 1,2 ha að stærð. Aðkoma verður annars vegar úr norðri frá aðkomu að Sláturhúsaloð og hins vegar að sunnan frá Hvammavegi. Innan svæðisins er gert ráð fyrir fjórum

lóðum sem eru ætlaðar fyrir ýmsa þjónustu. Byggingarnar verði á einn til tveimur hæðum. Nánari útfærsla verður gerð í breytingu á gildandi deiliskipulagi austan Norðurbrautar.

Umhverfisáhrif breytingarinnar eru óveruleg þar sem nýja svæðið fyrir verslun og þjónustu er á uppgrónum mel innan þéttbýlisins á Hvammstanga. Reiturinn liggur á milli iðnaðarsvæðis og íbúðabyggðar.


Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga

nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann 13/10 2016


HÚNAÞINGS VESTRA

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun

þann 27.10. 2016.


Björn Bj. Amadóttir
SKIPULAGSSTOFNUN

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingar var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann _____ 2016.



AÐALSKIPULAG HÚNAÞINGS VESTRA 2014-2026



BREYTING Á ÞÉTTBÝLISUPPRÆTTI

Dags: 03.05.2016 Mkv: 1:10.000 Teikn: MÓ
Yngvi Þór Loftsson og Margrét Ólafsdóttir

| | |
|-------------|---------|
| Teikn. nr.: | Breytt: |
| Verk nr.: | |
| Hannað: | |